

<i>Titill:</i>	Priðji fundur notendahóps rannsóknasamfélagsins
<i>Fundarstaður og -tími:</i>	31.10.2016
<i>Fulltrúar Hagstofu Íslands:</i>	Ólafur Arnar Þórðarson; Anton Örn Karlsson; Lydía Ósk Ómarsdóttir
<i>Fundarmenn:</i>	Daníel Guðbjartsson, Íslensk Erfðagreining Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, Félagsvísindastofnun Haukur Freyr Gylfason, Háskólinn í Reykjavík Kristín Harðardóttir, Menntavísindastofnun Rannveig Sigurðardóttir, Seðlabanka Íslands Sveinn Agnarsson, Háskóli Íslands
<i>Fundarstjóri:</i>	Ólafur Arnar Þórðarson

1. *Kynning og umræður um nýtt ferli við afgreiðslu trúnaðargagna*

- a. ÓAÐ opnaði fundinn og sagði stuttlega frá þróun mála frá síðasta fundi sem haldinn var í maí 2016. Tæknileg samvinna með Nýherja við uppsetningu á Iðunni, rannsóknahverfi Hagstofu Íslands, hefur tekið lengri tíma en áætlað var en þeirri vinnu er nú lokið.
- b. *Afgreiðsluferli umsókna.*

LÓÓ kynnti nýtt ferli sem tekið hefur verið í gagnið við afgreiðslu umsókna vegna aðgangs að örgögnum Hagstofunnar í vísindalegum tilgangi. Ferlið er mjög ítarlegt og var það kynnt í 11.liðum og farið í gegnum hvern lið sem skref í afgreiðslunni. Fram kom að nokkrar breytingar hefðu orðið á ferlinu frá því þegar drög að því voru kynnt á fundi hópsins í maí og að enn sé verið að huga að minniháttar breytingum til þess að bæta framkvæmdina, þá sérstaklega til þess að stytta afgreiðsluferli.
- c. *Viðmið um mat á umsóknum um aðgang að gögnum og vottun bakhjarla.*

LÓÓ kynnti ný viðmið við mat á umsóknum um aðgang að gögnum Hagstofunnar en í nýju umsóknaferli er ekki lengur trúnaðargagnanefnd sem tekur afstöðu til umsókna heldur eru umsóknir metnar af fulltrúa gagnaeiganda, fulltrúa notenda, aðferðafræðing og öryggisstjóra út frá fyrirframgefnum viðmiðum sem birt eru á heimasíðu Hagstofunnar. Jafnframt voru kynnt uppfærð viðmið fyrir bakhjarla. Þeim var breytt til þess að stofnanir sem hafa ríkar greiningarþarfir vegna stefnumótandi stjórnsýsluákvæðana gætu uppfyllt þau.

Fram komu áhyggjur varðandi bakhjarlafyrirkomulag en þar gæti verið óheppilegt ef mjög stórar einingar eru vottaðar sem bakhjarlar þar sem of

FUNDARGERÐ

langt væri milli framkvæmdar og ábyrgðar bakhjarlsins. Bent var á að félagsvísindasvið Háskóla Íslands hefur komið sér upp eigin kerfi til þess að vera ávallt upplýst um hverjir eru að nýta rannsóknahverfi Hagstofunnar með þá sem bakhjarl. Hvatt var til þess að bakhjarlar bæðu um það fyrirkomulag sem helst hentar þeim eins og félagsvísindasvið hefur gert.

Fulltrúi notenda, sem var valinn úr notendahópi örgagna, sagði það matskennt hversu strangt ætti að standa á viðmiðum á borð við vísindalegt gildi. Flestallar umsóknir stefna að birtingum á niðurstöðum sem mjög líklega fela í sér vísindalegt gildi en ekki verður komist hjá einhverskonar mati. Þetta verður skoðað. Jafnframt mun rannsóknþjónusta Hagstofunnar passa vel upp á að engar upplýsingar vanti í umsóknir þegar þær eru sendar fulltrúa notenda til yfirlestrar og mats.

d. Gjaldtaka.

LÓÓ kynnti hvernig gjaldtöku í tengslum við afgreiðslu umsókna um aðgang að örgögnum verður háttáð. Reynt hefur verið að taka tillit til endurgjafar notendahópsins varðandi áherslur í gjaldtökunni og halda daglegum kostnaði í lágmarki. Fram kom spurning um það hvort notandi með margar samtíma rannsóknir í gagni þurfi þá fleiri en einn aðgang. Skoða þarf hvaða möguleikar eru í boði fyrir þá notendur sem hafa aðgang að mörgum gagnasettum í einu.

e. Iðunn, nýtt rannsóknahverfi.

LÓÓ sýndi Iðunni, nýtt rannsóknahverfi Hagstofunnar. Þá sagði AÖK frá „output checking“ og hvernig staðið væri að slíku.

f. Reglur um öryggi og rekjanleika.

AÖK sagði frá því hvernig staðið væri að því að minnka rekjanleika í gögnum áður en rannsakendur fá aðgang að þeim.

2. Þátttaka Hagstofunnar í NordMAN verkefninu.

AÖK sagði frá þátttöku Hagstofu Íslands í NordMAN verkefninu. Unnið er að því að gera samnorrænt kerfi til að afgreiða fjölþjóðleg örgögn til rannsakenda í gegnum Hagstofu þess ríkis sem aðalrannsakandinn tilheyrir. Með þessu gætu Íslenskir rannsakendur fengið sambærileg rannsóknagögn frá Íslandi og hinum norðurlöndunum með umsókn til Hagstofu Íslands. Samhliða verður þróað samhæft lýsigagnakerfi fyrir rannsóknörgögn þannig að rannsakendur á norðurlöndum geti skoðað með sambærilegum hætti þau gögn sem Hagstofurnar eiga. Verkefnið er styrkt af Nordforsk. Vinna við verkefnið er langt komin og stefnt er að því að henni ljúki á næsta ári.

3. Önnur mál.

a. Rætt var um hugsanlega stefnu eða verklag kringum afhendingu gagna.

Hagstofunni hefur borist fyrirspurnir þar sem óskað er eftir gögnum Hagstofunnar til auðgunar rannsóknargagna en hefur ekki talið sig geta orðið við slíkum fyrirspurnum. Notendahópnum leist ekki vel á þessháttar

FUNDARGERÐ

afgreiðslu gagna þar sem í henni fælust bæði siðferðisleg og aðferðafræðileg vandamál sem mjög erfitt væri að leysa.

- b. Rætt var um að Hagstofan myndi koma og kynna Iðunni og nýtt umsóknakerfi hjá bakhjörllum. Notendahópurinn tók vel í þetta og jafnframt var lagt til að Hagstofan myndi útbúa kynningarefni á formi myndbanda á netinu þar sem rannsóknþjónusta hagstofunnar yrði kynnt ásamt afgreiðsluferli og útfyllingu umsókna.

4. Umbótahugmyndir notendahóps

Þessum lið fundarins var frestað vegna þess að einungis fjórir notendur voru eftir á fundinum og stuttur tími var eftir af áætluðum tíma. Fundur var bókaður þann 14. Nóvember (sjá fundargerð fundarins hér aftast).

Niðurstöður og ákvarðanir er varða starfsemi Hagstofunnar

Rannsóknþjónusta Hagstofunnar mun hafa samband við fundarmenn varðandi mögulega kynningar í stofnunum þeirra fyrir rannsakendur þegar allt er komið í gang.

Stefnt verður að því að skoða það að útbúa frekara kynningarefni um rannsóknþjónustu Hagstofunnar, jafnvel myndbönd.

Mikilvægt er að allir aðilar leggja rækt við samvinnu og tvíhliða upplýsingaflæði.

Framhaldsfundur með rannsóknarsamfélaginu

Fundur haldinn 14. nóvember 2016 milli 14 og 15 á Hagstofunni. Mættir af hálfu rannsóknarsamfélagsins: Ásgeir Daníelsson Seðlabanka Íslands, Guðbjörg Andrea Jónsdóttir Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og Haukur Freyr Gylfason Háskólanum í Reykjavík. Frá Hagstofu Íslands voru: Böðvar Þórisson sviðsstjóri Fyrirtækjasviðs, Hrafnhildur Arnkelsdóttir sviðsstjóri Félagsmálasviðs og Ólafur Arnar Þórðarson sviðsstjóri Stjórnsýslu og samstarfssviðs. Reynir Kristjánsson gæðastjóri Hagstofunnar stýrði fundi.

Fulltrúar rannsóknarsamfélagsins voru spurðir um hvað Hagstofan þarf að bæta og var þá tekið fram að spurningin ætti jafnt við örgögn, sérvinnslur, hagtölur sem sóttar eru á vef Hagstofunnar og aðra þjónustu. Svörin sem fengust eru listuð hér að neðan.

Fulltrúar rannsóknarsamfélagsins voru einnig spurðir hvert þessara atriða er mikilvægast að bæta. Þeir fengu 8 atkvæði hver og máttu dreifa þeim á umbótahugmyndirnar eins og þeir vildu, þeim fleiri atkvæði, þeim mikilvægara að bæta. Tölurnar í svigunum segja til um fjölda atkvæða sem hver umbótahugmynd fékk.

- Ársfjórðungslegt framleiðslu og tekjuuppgjör (5)
- Upplýsingar um fjölskyldustærð/ íbúðir/ heimili (5)
- Framsetning á félagsvísunum [erfitt að finna tölurnar á vefnum] (3)
- Árstíðarleiðréttingar (3)
- Leiðréttur kynbundinn launamunur, opinber vs. einkamarkaður (2)
- ÍSTARF bæta skráningu (2)

FUNDARGERÐ

- Þjóðhagsreikningar – nákvæmar verðvísitölur þátta til að staðvirða
- Afurðatafla (1)
- Birta leiðréttu launavísitölu (1)
- Bæta viðmót vefsins fyrir síma (0)
- Betri birgðatölur innan árs (0)

Fundarstjóri þakkaði þátttakendum fyrir komuna og sagði frá hvernig umbótahugmyndir frá notendum hafa verið notaðar til að forgangsraða umbótaverkefnum innan Hagstofunnar.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið.